



## Félagsleg samskipti barna með ADHD/ADD

ADHD = athyglisbrestur með ofvirkni

ADD = athyglisbrestur

**Samantekt fyrirlestrar sem þær Rósa Steinsdóttir listmeðferðarfræðingur og Sólveig Guðlaugsdóttir geðhjúkrunarfræðingur og fjölskylduráðgjafi héldu á fræðslufundi samtakanna í okt. sl. Ennfremur kynning á námskeiði í félagslegum samskiptum fyrir börn með ADHD/ADD. Báðar eru starfandi á BUGL og við fjölskyldu- og ráðgjafarþjónustuna Eirð.**

### Hver er félagslegur vandi barna með ADHD /ADD?

Það hefur komið æ skýrar í ljós hversu mikil áhrif vinaleysi hefur á börn. Börn með athyglisbrest með/án ofvirkni eru sérstaklega útsett fyrir þennan vanda.

Aðalvandi barna með ADHD/ADD á félagslega sviðinu er að þau misskilja innihald samræðna og átta sig ekki á því að hegðun þeirra sjálfra hefur áhrif á viðbrögð og hegðun annarra. Þetta hefur síðan þau áhrif að börnin læra ekki af reynslunni í samskiptum við börn og fullorðna, þau læra ekki af öðrum börnum á sama aldri og gera sömu mistökina aftur og aftur.

Afleiðing þessa er oft sú að þeim er strítt, þeim er hafnað eða þau eru

hundsúð af öðrum börnum en sjálf botna þau ekkert í hvers vegna. Þessi félagslega vangeta hefur áhrif á sjálfsálit þeirra og getur leitt til árásarkenndrar hegðunar eða að þau sýna "trúðshögðun" til að ná athygli. Einnig getur þetta leitt til kvíða og þunglyndis. Þau verða reið og vonsvikin yfir höfnuninni en sjá ekki sinn þátt í ferlinu.

### Þrjú meginsvið erfiðleika barna með ADHD/ADD er hafa áhrif á samskipti:

- Vanhæfni í að lesa í svipbrigði, látbragð og líkamstjáningu.
- Þau mistúlka/misskilja blæbrigði raddarinnar- beita eigin rödd oft ekki rétt.
- Þau misskilja notkun persónulegra marka.

**Þetta hefur áhrif á að þau átta sig ekki á þeim óskrifðu reglum er gilda í samræðum. Þau gleyma að :**

- Kynna málefnið þannig að þeir sem hlusta átti sig á hvað um er að ræða.
- Hafa frásögn skipulega, að frásögn hefur : upphaf – miðju – endi.
- Sýna áhuga þegar aðrir segja frá.
- Lesa í líkamstjáningu og raddbeitingu þess sem verið er að tala við.
- Virða fjarlægð /persónuleg mörk.

### Hvers vegna þarf að kenna börnum með ADHD /ADD félagslega færni?

Vegna þess, sem áður hefur komið fram, að þau læra síður af reynslunni og ekkert getur komið í stað samskipta við jafnaldradeða önnur börn. ( La Voie, 1994).

### Það er list að eignast og eiga vini, hvernig kennum við það?

Það hefur komið æ skýrar í ljós hversu félagarnir eru mikilvægir fyrir öll börn og unglíng. Á síðustu árum hafa komið fram hin ýmsu námskeið til að hjálpa börnum sem eiga í félagslegum vanda. Þá vaknar spurningin: "Þurfa börn með ADHD /ADD einhverja aðra nálgun en önnur börn með félagslegan vanda?"

Rannsóknir hafa leitt í ljós að þau þurfa það vegna þess hversu erfitt þau eiga með að yfirfæra reynslu og kennslu í félagslegum samskiptum. Einnig hafa foreldrar þessara barna, bæði á námskeiðum og viðtölum beðið um hjálp fyrir börnin sjálf. Foreldrar segja : "Við fáum kennslu um hvernig best sé að mæta börnum okkar og aðstoð við að vinna með kennurum en hvað um barnið sjálft og þá hjálp sem það þarf?" Reynsla okkar sjálfra í starfi sýndi það sama. Það tók okkur nokkur ár að finna námskeið sem er sniðið sérstaklega fyrir þennan hóp barna og byggir á rannsóknnum bæði á vanda þeirra og hvað það er sem gerir að börnum farnast vel félagslega.